

14.júlí 2010

Niðurstaða athugunar á starfsemi Stapa lífeyrissjóðs

Framkvæmd var athugun á starfsemi Stapa lífeyrissjóðs með heimsókn og gagnaöflun 4. nóvember 2009 með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í kjölfar athugunarinnar rituðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent sjóðnum þann 27. nóvember 2009 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sjóðsins og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar þann 8. mars 2010, var tekið tillit til þeirra athugasemda eftir því sem tilefni þótti til. Skýrsla innri endurskoðanda um hvernig Stapi lífeyrissjóður hefði staðið að úrbótum á þeim atriðum sem vikið var að í skýrslunni barst Fjármálaeftirlitinu 16. júní 2010.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Gagnsæisstefnan er nánar útfærð á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið tekur fram að það telur rekstur sjóðsins að mestu leyti í viðunandi horfi. Áhættustýringin er t.a.m. vel vöktuð og umfangsmikil gagnavinnsla á sér reglulega stað. Þá fór fram gagnger endurskoðun á innra eftirliti á árunum 2008 og 2009 og telur Fjármálaeftirlitið innra eftirlit sjóðsins mjög virkt. Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi sjóðsins eru eftirfarandi:

Framlög til starfsendurhæfingarsjóða

Gerð var athugasemd við að Stapi hafi styrkt Starfsendurhæfingu Norðurlands og Starfsendurhæfingu Austurlands, en veiting ótilgreindra styrkja er ekki í samræmi við 1. mgr. 20. gr. laga nr. 129/1997.

Eignarhlutur framkvæmdastjóra í einkahlutafélögum

Gerð var athugasemd við að ekki hafi legið fyrir samþykki stjórnar um þátttöku framkvæmdastjóra í atvinnurekstri í samræmi við 5. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997, en hann er skráður eigandi í tveimur einkahlutafélögum.

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti stjórnar og starfsmanna

Gerð var athugasemd við að skráning víðskipta starfsmanna væri ekki í samræmi við verklagsreglur um verðbréfavíðskipti. Gerð var krafa um að verklagi verðbréfavíðskipta starfsmanna sjóðsins yrði breytt og verklag við skráningu aðlagað að því að formaður stjórnar og framkvæmdastjóri gætu sinnt því viðvarandi eftirliti sem þeim væri ætlað í 10. gr. verklagsreglnanna. Við athugunina kom í ljós að stjórnarformaður og framkvæmdastjóri höfðu aldrei kallað eftir upplýsingum frá starfsmönnum um skráningu þeirra á víðskiptum með fjármálagerninga.

Gerð var athugasemd við að skráning á víðskiptum með fjármálagerninga hafi eingöngu náð til víðskipta starfsmanna í eigin nafni, ekki fyrir hönd eignaumsýslu- og fjárfestingafélaga í þeirra eigu.

Fjárfestingar sjóðsins

Skýrslugjöf til Fjármálaeftirlitsins

Gerðar voru ýmsar athugasemdir við skýrslu um sundurliðun fjárfestinga sjóðsins, sem send er Fjármálaeftirlitinu á þriggja mánaða fresti. Þá höfðu fjárfestingar ekki verið rétt flokkaðar í skýrslunni, einhverjar eignir voru ekki sjáanlegar í skýrslunni og lífeyrissjóðurinn hafði ekki verið að horfa á undirliggjandi eignir sjóða skv. 7. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Fjárfestingar utan lagaheimilda

Gerð var athugasemd við að lífeyrissjóðurinn hafi átt um 28% af hlutdeildarskírteinum í sjóði um sameiginlega fjárfestingu og 21% af hlutafé fyrirtækis. Skv. 4. ml. 5. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 er lífeyrissjóði eigi heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Gerð var athugasemd við að Stapi lífeyrissjóður hafi fjárfest í íslenskum óskráðum félögum með forkaupsrétti sem er óheimilt skv. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 og framtaksfjárfestingum sem uppfylla ekki 2. og 3. mgr. 36. gr. Gerð var krafa um að sjóðurinn stöðvaði þegar í stað allar frekari fjárfestingar í slíkum félögum og sjóðum sem uppfylla ekki fyrrgreind lagaskilyrði.

Samningur við Íslensk verðbréf hf.

Gerð var athugasemd við samning milli Stapa lífeyrissjóðs og Íslenskra verðbréfa hf. um eignastýringu og vörslu eigna. Í undirsamningum, sem kveða á um ávöxtun og fjárfestingarstefnu einstakra eignasafna, eru ákvæði er varða heimildir til verðbréfalána og skortsölu en hvorugt er heimilt samkvæmt lífeyrissjóðalögum.

Upplýsingaskylda

Gerð var athugasemd við að sjóðurinn hafi í nokkrum tilvikum ekki skilað arfi til lögmætra erfingja séreignasparnaðar, en fjallað er um útgreiðslu séreignasparnaðar í 11. gr. reglugerðar nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingavernd.

Samningseyðublað um séreignasparnað

Gerð var athugasemd við að Stapi lífeyrissjóður hafi ekki sent uppfærðar reglur og samninga um séreignasparnað til samþykktar til fjármálaráðuneytisins, eins og ber að gera skv. 10. gr. laga nr. 129/1997.

Stapi lífeyrissjóður hefur nú þegar brugðist við flestum athugasemdum Fjármálaeftirlitsins með viðeigandi úrbótum. Önnur atriði eru enn í vinnslu og hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að þeim verði komið í viðunandi horf innan skamms.